

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 1152 6. desember 2011, um einkennisfatnað lögreglunnar.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr.:

Þrátt fyrir 1. mgr. er yfirmönnum lögreglu heimilt að nota hvíta einkennisskyrtu með almennum lögreglufatnaði.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 40. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað.

Innanríkisráðuneytinu, 6. desember 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.